



Aðalfundur Framfarafélags Flateyjar

Laugardaginn 3. mars 2018

í fundarsal Lions á Íslandi, Hlíðarsmára 14, 201 Kópavogi

Mætt eru:

Jóhann Jónsson (JJ) (Vertshús – austur), Örn Björnsson (ÖB) (Vertshús – austur), Gylfi Guðmundsson (GG) (Félagshús), Björg Aradóttir (BA) (Eyjaberg/Vesturbúðir), Aníta Laufeyjardóttir (AL) (Eyjólfshús austur), Laufey Logadóttir (LL) (Eyjólfshús austur), Katrín Ingibjörg Barðadóttir (KIB) (Eyjólfshús austur), Svava Sigurðardóttir (SS) (Eyjólfshús vestur), Aðalheiður St. Sigurðardóttir (ASS) (Vogur), Guðmundur Lárusson (GL) (Vogur), Jón Sigurðsson (JS) (Klausturhólum), Albert Páll Sigurðsson (APS) (Klausturhólar), Kristín Ingimarsdóttir ((KI) (Sólbakka), Ingveldur Eypórsdóttir (IE) (Vinaminni), Hilmar Þór Bjarnason (HÞB) (Berg), Bylgja H. Baldursdóttir (BHB) (Byggðarendi), Anna Sigrún Baldursdóttir (ASB) (Byggðarendi), Gyða Steinsdóttir (GS) (Sunnuhvol), Guðný Gerður Gunnarsdóttir (GGG) (Bentshús n.hæð), Kristinn Nikulásson (KN) (Bentshús n.hæð), Heimir Sigurðsson (HS) (Skólahúsið – vestur), Gunnar Sveinsson (GSv) (Eyjólfshús vestur)

Fundarefni: samkvæmt lögum félagsins

1. Skýrsla stjórnar um störf ársins 2017
2. Reikningar félagsins 2017 lagðir fram til umræðu og samþykktar
3. Fjárhagsáætlun 2018 lögð fram til umræðu og samþykktar
4. Tillögur til breytinga á lögum félagsins
5. Kosning stjórnar og formanns skv. gr. 3.1.
6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga úr hópi annarra félaga
7. Skýrslur annarra félaga eða nefnda tengdum Flatey sem óska eftir að gera grein fyrir starfi sínu
8. Önnur mál

Formaður FFF, Gyða Steinsdóttir setti fundi og bauð fundarmenn velkomna. Stungið var upp á Önnu Sigrúnu Baldursdóttir sem fundarstjóra og Gunnari Sveinssyni sem fundarritara og var það samþykkt samhljóða. Jafnframt tilkynnti GS að sérlegur gestur fundarins yrði Ævar Petersen, fuglafræðingur og velunnari Flateyjar til margra ára.

1. Skýrsla stjórnar

GS, formaður FFF flutti skýrslu stjórnar þar sem greint var frá helstu verkefnum stjórnar á starfsárinu sem hefði verið krefjandi en skemmtilegt. Fundarhöld í stjórn FFF hafa svolítið helgast af mismunandi búsetu stjórnarfólks á landinu. Því hefur fjarskiptatæknin verið tekin í notkun hjá stjórn FFF. Lokaður FACEBOOK hópur notaður til samskipta og fjarfundir í gegnum Skype. Samt hafa fundir verið haldnir á Akranesi, Reykjavík og Álftanesi en enn vantar að halda fund í Stykkishólmi. Stjórn FFF var óbreytt á árinu en vegna ákvæða í samþykktum FFF um árafjölda í stjórn mun einn stjórnarmaður ganga úr stjórn á þessum aðalfundi. Vetrarhátíð FFF var haldin 11. mars 2017 og var í höndum hins ágæta fólks úr Vogu. Hátíðin var nú haldin á nýjum stað í Kópavogi og þótti takast með miklum ágætum. Sérstaklega ánægjulegt var að sjá fjölda gamalla mynda úr Flatey er sýndar voru. Að lokinni hátíð fékk Strýta og Einarshús keflið fyrir næstu Vetrarhátíð.

Stjórnin fjallaði um margvísleg mál og málefni er varða Flatey;

- **Samgöngumál**

All nokkur fundarhöld hafa verið um samgöngumál með viðeigandi yfirvöldum og framkvæmdaaðilum. Í apríl mánuði 2017 var gengið á fund ráðherra samgöngumála til að ræða ástand bryggjunnar í Flatey. Jafnframt hefur verið rætt við Eimskip (rekstraraðila Baldurs), Vegagerðina, Reykhólahrepp og ráðuneyti. Styrkur að upphæð 35 millj. króna hefur fengist til viðgerða og endurbóta á bryggjunni en jafnframt til aðgerða til sjóvarna á nokkrum stöðum í Flatey. Ráðgert er að framkvæmdir hefjist með vorinu. Til marks um lélegt ástand bryggjunnar greindi GS frá óhappi um síðustu helgi þegar hið stóra og þunga skip Baldur skall með nokkrum þunga á bryggju og lá við slysi á fólki er stóð á bryggjunni og traktor hentist til við áreksturinn. Ítrekaði GS þau tilmæli að fólk ætti alls ekki að vera á bryggju við komu Baldurs og verður þeim tilmælum fylgt stíft eftir nú í sumar. Af öðrum fundarhöldum má nefna samskipti við þingmenn norðvesturkjördæmis sem voru á fundarferð um kjöldæmið og var ákveðnum skilaboðum komið til þeirra frá Flatey.

- **Stígagerð**

Búið er að panta borð og bekki til uppsetningar við áningastaði við göngustíga í Flatey. Bekkir munu koma frá Úkraínu en Óskar Eyþórsson í Vinaminni mun hafa milligöngu um þá. Einnig hefur verið samið um smíði á 2 borðum við smíðaverkstæði fangelsa á Íslandi. Nauðsynlegt verður að fara í endurbætur á göngustígum en stefnt er að vinnuferð í lok apríl eða í maí. Vonast er eftir góðri þátttöku Flateyinga í þessa vinnuferð en mól og sandur verður flutt með Baldri til Flateyjar fljótlega.

- **Hreinsunardagar**

Haldinn var árlegur hreinsunardagur í byrjun sumars sem tókst ágætlega þó þátttaka hefði mátt vera meiri. Samkvæmt góðri venju voru pylsur grillaðar í lok dags og góðgæti var fyrir smáfólkið en mikil gleði og samhugur ríkti á þessum hreinsunardegi.

- **Skemmtiferðaskip til Flateyjar**

Eins og undanfarin sumur komu all mörg skemmtiferðaskip til Flatey á síðasta sumri og nú þegar hafa nokkur tilkynnt komu sína næsta sumar. Öll þessi skemmtiferðaskip greiða til stígagerðar í Flatey og nemur greiðslan EUR 500.- p/skip (kr. 60 – 65 þús.)

Í kjölfar þessara upplýsinga spunnust nokkrar umræður um komu skemmtiferðaskipa til Flateyjar, þolmörk eyjarinnar og aðstaða að taka á móti fjölda ferðamanna, innheimta hafnargjalda af slíkum skipum, aðkomu sveitarfélagsins og hafnarreglugerðir sem og flutning stjórnsýslu Flateyjar frá Reykhólum til Stykkishólms.

- **Fundur um menningu og sögu Flateyjar**

Haldinn var afar góður fundur um menningu og sögu Flateyjar í lok júlí mánaðar í frystihúsinu s.l. sumar undir formerkjum „*Flatey – horft um öxl*“. Fluttir voru margir góðir og fræðandi fyrirlestrar um fornminjar, neðansjávarfornminjar, söfnun örnefna, Flateyjarklaustur, sögu Flateyjar og mannvirki o.fl. og var gerður góður rómur að máli ræðumanna. Fundarstjóri og aðalhvatamaður að þessum viðburði var Albert Páll Sigurðsson, Klausturhólum. Vonast til að hægt verði að endurtaka þennan merka og fræðandi viðburð aftur.

Sveitarstjórn Reykhólahrepp kom í heimsókn í lok júní mánaðar og hélt fund með ábúendum Flateyjar og stjórnarmönnum FFF sem og dreifbýlisnefnd. Margt áhugavert kom fram á þessum fundum.

- **Verndarsvæði í byggð fyrir Flatey**

Á síðasta ári fékkst styrkur að upphæð 4,8 millj. til að vinna að **Verndarsvæði í byggð fyrir Flatey**. Skipaður var stýrihópur sem í sitja fulltrúar sveitarfélagsins og Framfarafélagsins. Stýrihópurinn fundaði tvisvar sinnum á síðasta ári og í lok janúar s.l. var haldinn

kynningarfundur með Flateyingum, húseigendum og ábúendum Flateyjar. Ráðgert er að halda annan kynningarfund á næstunni til að kynna vinnu stýrihópsins. GS vísaði til samantektar og skýrslu Guðnýjar Gerðar Gunnarsdóttir í Bentshúsi hjá Minjastofnun Íslands um verndaráætlanir sem og lög og reglugerðir þar að lútandi. Einnig hefur starfmaður hjá Minjastofnun (Pétur) farið yfir mál þetta með stýrihópnum og útskýrt tilgang og gerð slíkrar verndaráætlana. GS taldi að með setningu verndaráætlunar fyrir Flatey myndi fást forgangur að styrkjum úr Húsafriðunarsjóði til húseigna innan verndarsvæðis í Flatey. Stefnt er að því hjá stýrihóp og sveitarfélaginu að koma þessari áætlun í framkvæmd á árinu 2018.

- **Dreifbýlisnefnd**

Nefndin hélt þrjá fundi á síðasta ári en mikil samskipti hafa verið milli nefndarmanna á FACEBOOK og Skype enda er búseta nefndarmanna á hinum ýmsu stöðum á landinu. Fulltrúar Flateyinga í nefndinni eru Baldur Ragnarsson (aðalmaður) og Guðrún Marta Ársælsdóttir (varamaður), Byggðarenda og hafa þau jafnan bæði sótt fundi í Dreifbýlisnefnd. Síðar á þessum fundi verður gerð frekari grein fyrir störfum nefndarinnar.

- **Horft til framtíðar varðandi ábúð Flateyjar**

Nauðsynlegt verður að ræða og ígrunda hver verður staða Flateyjar þegar heilsársábúð er lokið í eyjunni. Áriðandi verður að vinna sameiginlega að þessu brýna hagsmunamáli húseigenda og Flateyinga á næstunni. Síðar á þessum aðalfundi verður skipuð „Framtíðarnefnd“ til að taka til umræðu, vinna að framtíðarsýn og verkefnum til úrlausnar ef og þegar Flatey fer úr ábúð á heilsársgrundvelli.

2. Reikningar félagsins lagðir fram

Í fjarveru gjaldkera FFF (DHS) lagði GS fram og skýrði reikninga félagsins og einstaka liði þeirra. Samtals voru tekjur félagsins **1,75 millj** þ.a. námu félagsgjöld 315 þús., aðgangseyrir Vetrarhátíðar 947 þús., tekjur frá skemmtiferðaskipum 313 þús. og styrkur v/ Flateyjarþaga og málþings (Reykholahreppur) 175 þús. þ.a. 50 þús. styrkur frá Reykholahreppi. Einnig kom til ýmis konar aðstoð og stuðningur frá ýmsum aðilum vegna Hreinsunardaga í Flatey sem þakkað er sérstaklega fyrir. Rekstargjöld voru samtals rúmlega **1,0 millj** þ.a. var kostnaður við Vetrarhátíð 801 þús., kostnaður við málþing 99 þús. og aðrir liðir samtals 105,4 þús. (frá 5 –22 þús.). Hagnaður var 748,0 þús. Hagnaðurinn helgast m.a. af því að engar stígaframkvæmdir voru 2017 en voru 423 þús. 2016. Eignir félagsins eru **2,2 millj** aðallega inneign á bankareikningi (1,71 millj.) en ógreidd félagsgjöld eru 315 þús. (fyrir árið 2017) Skuldir eru 40,3 þús. (skammtímaskuldir). GS skýrði frá því að samkvæmt samþykktum FFF geta menn orðið aukafélagar í félaginu og gerðist Björn Samúelsson aukafélagi á árinu. Fjórðingur var í bingó útbúnaði á árinu en hægt er fá þessa hluti lánaða til að halda bingó í Flatey. Málþingið „Horft um öxl“ tókst afar vel enda voru fjölmargir boðnir og búnir að hjálpa til og veita aðstoð m.a. með húsaskjól fyrir fyrirlesara, verslunin í frystihúsinu með veitingar og útbúnað, Baldur með fargjöld og aðrir sem veittu ómetanlega hjálp. Fyrir þetta var þakkað sérstaklega. Góður afgangur er nú af rekstri félagsins og verður honum varið til kaupa á borðum og bekkjum á áningastöðum við göngustíga sem og uppbyggingu göngustígana. Einnig vænti hún þess að Eimskip, útgerðafélag Baldurs myndi leggja til styrk til stígagerðar í Flatey.

Reikningar félagsins eru endurskoðaðir og undirritaðar af kjörnum skoðunarmönnum reikninga félagsins þeim Katrínu Baldvinsdóttir, Eyjólfshúsi og Kristni Nikulássyni, Bentshúsi.

Í umræðu um ársreikninga FFF bar ýmislegt á góma m.a; ástand göngustíga í Flatey og nauðsyn þess að kantskera og sinna þeim frá degi til dags enda sækir sauðfé í þessa ágætu stíga. Fram kom tillaga (KI) um að kaupa hrifur og staðsetja þær við áningastaði þar sem Flateyingar gætu gripið til þeirra. Hreinsun og fegrun umhverfis kom einnig til umræðu og nauðsyn þess að fjarlægja stórt fiskikar sem er inn á eyjarenda.

3. Fjárhagsáætlun ásamt tillögu um félagsgjöld fyrir næsta starfsár

GS kynnti fjárhagsáætlun FFF fyrir 2018 í fjarveru DHS, gjaldkeri félagsins en þar er gert ráð fyrir óbreyttum árgjöldum að upphæð 315 þús. tekjum af skemmtiferðaskipum 400 þús. en samtals eru tekjur 715 þús. Rekstrargjöld eru áætluð 665 þús. og þar af 500 þús. í stígaframkvæmdir. Áætlaður hagnaður er því 50 þús. Lagt er til að félagsgjöld verði óbreytt frá síðasta ári eða kr. 10.000.- p/hús. og kr. 5.000 fyrir aukafélaga FFF.

Ársreikningur 2017, fjárhagsáætlun 2018 og tillaga um óbreytt félagsgjöld voru síðan samþykkt samhljóða.

4. Tillögur til breytinga á lögum félagsins

Ekki komu fram neinar tillögur undir þessum lið.

5. Kosning stjórnar og formanns

GS greindi frá því að formaður sé í upphafi kosinn til tveggja ára og síðan til eins árs í senn. Jafnframt skýrði GS frá því að Kristín Ingimarsdóttir gengi nú úr stjórn vegna ákvæða í samþykktum félagsins um tímalengd í stjórn. Aðrir í stjórn Framfarafélagsins gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

GS greindi frá hugrenningum sínum um að fá nýjan aðila sem formann FFF. Enginn var fánlegur til að taka þetta krefjandi starf að sér hvorki í stjórn FFF eða utan þess. Hún var í þessum sambandi minnt á það á fundinum „*að fjölmörg stór mál og verkefni væri á döfinni fyrir Flatey og Flateyinga og það væri ekki heillavænlegt að skipta um skipstjóra mitt í slíkum stórverkefnum*“

Samkvæmt samþykktum FFF var fyrst á dagskrá kosning formanns FFF og var GS einróma endurkosin formaður FFF með lófaklappi allra fundargesta. Fram kom tillaga um nýjan aðila í stjórn FFF, María Gestsdóttir, Sólheimum og var hún og aðrir stjórnarmenn einróma kosnir með lófaklappi.

KSI lýsti því yfir að þetta hefðu verið stórkostleg ár og það var bæði heiður og ánægja að starfa í stjórn FFF þessi sex ár en nú væri kominn tími til að virkja unga fólkið meðal Flateyinga og hleypa nýrri kynslóð að. Árnaði KSI hinni nýkjörnu stjórn FFF alls hins besta í störfum sínum.

Stjórn FFF skipa;

Gyða Steinsdóttir, Sunnuhvoli formaður

Bylgja Baldursdóttir, Byggðarenda ritari

Daði Heiðar Sigurþórsson, Bræðraminni, gjaldkeri

Hilmir Þór Bjarnason, Bergi, stjórnarmaður

María Gestsdóttir, Sólheimum, varaformaður

6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Stungið upp á áframhaldandi störfum Katrínu Baldvinsdóttir og Kristinn Nikulásason við endurskoðun og áritun reikninga félagsins. Tillagan var samþykkt samhljóða með lófaklappi.

GS þakkaði fyrir hönd stjórnar kjörið og þakkaði stjórnarmönnum fyrir gott samstarf á árinu og óskaði MG velkomna í stjórn FFF.

7. Skýrslur annarra félaga eða nefnda tengdum Flatey

1. Dreifbýlisnefnd og störf hennar

Í fjarveru Baldurs og Guðrúnar Mörtu fulltrúa FFF í stjórn greindi Bylgja Baldursdóttir frá störfum Dreifbýlisnefndar 2017 en nefndin var skipuð og tók til starfa árið 2016. Þrjú fundir voru haldnir í

nefndinni á síðasta ári en nefndin heyrir beint undir sveitarstjórn Reykhólahrepps. Margvísleg mál er varða Flatey komu til umræðu á fundum hennar:

- Staðsetning díselrafstöðva í gámi í sundinu milli frystihússins og Tröllenda hefur verið mikið gagnrýnd. Bæði er staðsetningin vfasöm vegna umferðar í sundinu og mikil hávaðamengun er sem endurkastast í gegnum sundið. Bent var á þessar staðreyndir í bréfi til sveitarstjóra Reykhólahrepps sem síðan hefur framsent bréfið til Orkuveitu Vestfjarða (OV) 28. ágúst s.l. Ekkert svar hefur enn borist frá OV.
- Ákveðið hefur verið að reisa brunaskýli í Flatey undir tæki og tól brunavarna eyjarinnar. Komin er fjárveiting til þessara framkvæmda er nemur 6 millj. króna. Staðsetning þessa skýlis er ráðgerð austan Ráðagerðis við stíginn niður að Innstapolli þar sem smábátahöfnin var fyrirhuguð á sínum tíma.
- Ástand bryggjunnar í Flatey hefur ítrekað komið til umræðu á fundum Dreifbýlisnefndar enda ástand bryggjunnar vægast sagt mjög lélegt og stafar beinlínis slyshætta af vegna viðhaldsleysis hennar. Vonast er til þess að farið verði í endurbætur og viðgerðir á bryggjunni á þessu ári enda hefur fjármagn verið tryggt til þessara framkvæmda.
- Að lokum vildi BB benda á fundargerðir Dreifbýlisnefndar á heimasíðu Reykhólahrepps en þar er að finna ítarlegar upplýsingar um störf nefndarinnar þessi tvö ár sem hún hefur starfað.

Gunnu Mörtu og Baldri voru færðar sérstaka þakkir fyrir ötult starf fyrir Flateyinga í nefndinni en þau dvelja um þessar mundir á sólarströndum Tenerife.

Þegar hér var komið á aðalfundi FFF var óskað leyfis til að bjóða okkar góða gest, Ævar Petersen velkominn á fundinn með sitt góða erindi. Framhald af skýrslum nefnda Flateyinga og mál undir liðnum önnur mál verða tekin fyrir eftir erindi ÆP.

Söfnun örnefna í Flatey

ÆP sagði frá því í upphafi að hann hefði lengi safnað örnefnum í Flatey eða nánast allt frá því að hann kom til Flateyjar 1974 til að skoða lífnaðarhætti teistunnar í Flatey. En samhliða fuglaskoðun í Flatey hefur hann ætíð haft hugann við örnefni í eyjunni og skráð þau niður ásamt staðsetningu þeirra og myndað. Þessu til staðfestingar sýndi hann fundargestum eitt elsta póstkort sem tekið hefur verið í Flatey frá um 1900 af skipi í Hafnarey. Á málþinginu í frystihúsinu s.l. sumar greindi ÆP frá þessari örnefnasöfnun sinni jafnframt að hann hefur skrifað grein um málið í Árbók Barðstrendingafélagsins 2013.

Örnefni í Flatey og nálægum eyjum eru um 500 talsins og sum örnefni hafa breytt um nafn í áranna rás af ýmsum ástæðum. Eitt elsta örnefni sem ÆP hefur fundið er komið frá Ólafi Sívertssen og til marks um örnefni sem skipt hefur æði oft um nafn má nefna Túnmýri sem er mýrin ekki langt frá Vesturbúðum en hún hefur borið 8 nöfn í gegnum tíðina.

Ýmis örnefni hafa horfið eins og t.d. Gyðulind sem var nánast í heimreiðinni að Krákuvör og var lind þessi nefnd eftir einsetukonu er Gyða hét. Annað örnefni sem fáir kannast við er örnefnið Svunta sem er horfið með öllu.

Örnefni geta verið nefnd eftir eða tilkomin af fjölmörgum ástæðum;

1. **Landslagi;** Tvíhyrningar, Mjósund, Þrísker.
2. **Starfsemi;** Þýskuvör, Kauptorg, Ból, Skólabrekka.
3. **Staðsetningu;** Miðbær (milli kirkju og minnismerki um Sigvalda Kaldalóns), Hrólfsklettur.
4. **Dýr;** Sýrey, Skeljavík, Kálfahlein, Svartbakssker.
5. **Fólk;** Ömmugarður (nefnd eftir ömmu Siggu Boga), Skúlavör, Fjarðamenn.
6. **Atburðum;** Spillir, Prestasker, Fjarðamenn, Appolone-grunn.
7. **Þjóðsögum;** Útburðarsteinn (inn á ey gengt Akurey), Tröllendi (steindrangur sem ýtt var niður þegar frystihúsið var byggt).

Miðbær var landnámsbærinn í Flatey en talið var að hann hefði staðið þar sem öskuhóllinn er nú, austan kirkjugarðs en a.m.k. tvisvar hefur verið grafið í öskuhólinn. Bæjarhella þess bæjar er enn sýnileg við suð-austur horn kirkjugarðs. Af öðrum gömlum bæjarnöfnum sem vert er að geta um eru Vesturbúðir, Fjósakot, Skemman, Miðbær, Austurbær, Garðar og Innstibær.

Af elstu mannvirkjum í Flatey má nefna Akurgerði, Skansinn þar sem Skansmýri er en Skansinn tekur nafn sitt af virki með fallbyssum hér áður fyrir eða fyrirstöðu eins og nafnið Skansmýri er tilkomin af fyrirstöðu til að safna vatni.

Í lok fyrirlesturs síns nefndi ÆP að vitað er um 51 vatnsbrunna í Flatey og staðsetningu þeirra en yngsti brunnurinn í Flatey er frá 2009. Tilgreindi ÆP sérstaklega Ólafarbrunn sem er niður af Klausturhólum en uppi eru hugmyndir að grafa hann upp og endurgera í fyrri mynd. Brunnur þessi er nefndur eftir Ólöfu ríku á Skarði en hún átti Flatey á fimmtánda öld. Vonast er til að framkvæmdir við endurgerð þessa merka brunna geti hafist strax næsta vor.

Fyrirlestur sinn skreytti Ævar með fjölda mynda af stöðum er bera örnefni en mikill fjöldi mynda ásamt lýsingu á viðkomandi örnefnum mun prýða bók sem Ævar hefur í huga að gefa út sem fyrst ef nægilegur fjárstuðningur fæst. *Miklar umræður og skemmtilegar sköpuðust um þær upplýsingar og fróðleik sem fram komu í fyrirlestri Ævars og voru fundargestir sammála um að hér væri á ferðinni bæði skemmtilegur og fræðandi fróðleikur sem vakti ekki aðeins áhuga fundargesta heldur flestra ef ekki allra Flateyinga og ætti þetta efni svo sannarlega vera aðgengilegt í bókarformi.*

2. Kirkjustjórn/sóknarnefnd og fjáröflunarnefnd Flateyarkirkju

GSv greindi frá verkum og störfum í tengslum við Flateyarkirkju og fjáröflunarnefndar kirkjunnar á síðasta ári. Lýsti hann því yfir að hann yrði bæði stutturður og gagnorður í ljósi þess að okkar góði vinur og félagi Ævar Petersen flutti sitt áhugaverða erindi hér á undan. GSv lofaði að tala út frá fyrirsögnum enda hefur skýrslan þegar verið send út um störf kirkjunnar á síðasta ári. Fyrirsagnirnar eru eftirfarandi og örfá orð þeim til skýringa fylgir;

- **Hörð barátta gegn því að leggja Reykhólasókn niður**

Tekin hafði verið ákvörðun hjá Biskupsstofu að leggja niður Reykhólasókn sem Flateyjarsókn er hluti af. Ástæðan var að bústaður prests á Reykhólum hafði verið dæmdur óíbúðarhæfur og í stað þess að byggja upp á nýjan leik var það mat hinna vísu kirkjunnar manna í Reykjavík að ódýrara væri að leggja niður sóknina. Eftir harðvítuga baráttu var þessari ákvörðun hnekkt og nýr prestbústaður verður byggður á Reykhólum.

- **Stórkostlegur árangur að virkja Flateyinga í þágu kirkjunnar**

Með vaxandi straumi ferðamanna til Flateyjar hefur heimsóknunum í Flateyarkirkju stóraukist með tilheyrandi þörf fyrir meiri umsjón, þrifum og aðgerðum til að halda í horfinu. Aðgerðir voru gerðar á árinu til að auðvelda þessi verk m.a. með innleiðingu vatns í kirkju, uppsetning hitakúts og skolvasks, notkun einnota skóhlífa fyrir gesti í kirkju. Stór hópur Flateyinga/húseigenda í Flatey hafa tekið kirkjuna í „fóstur“ viku í senn frá miðjum maí til miðjan september. Þetta verkefni hefur tekist afar vel og mikil ánægja og gleði ríkandi í þessum góða hóp. Einnig má nefna að uppsetning sjálfvirks loknunar- og opnunarbúnaðar á kirkjuhurð hefur tekist vonum framar.

- **Kirkjugarðurinn í Flatey þykir með þeim merkilegri á Íslandi**

Því hefur verið haldið fram að kirkjugarðurinn í Flatey þyki meðal merkustu kirkjugarða á landinu með sín sérstöku stakkett, minningamörk, legsteina og skráðri sögu þeirra sem þar eru jarðsettir. Fjölmargir hafa komið að viðhaldi og daglegri umsýslu garðsins á síðari árum og nú hefur vaknað áhugi fyrir því að fara í framkvæmdir við gerð n.k. „móttökusvæðis“ innan við sálnahlið garðsins. Verður svæðið lagt náttúrulegum steinum, komið fyrir bekkjum og

borði ásamt upplýsingaskilti um garðinn. Guðmundur Rafn framkvæmdarstjóri Kirkjugarða Íslands hefur fengið ýmsa góða Flateyinga í lið með sér svo þetta komist í framkvæmd.

- **Uppbygging söfnunarlundar fyrir dósasöfnun**

Hafnar eru framkvæmdir við gerð hins nýja söfnunarlundar fyrir dósir og flöskur og var fyrsta skóflustungan tekin maí í mánuði s.l. vor. Hilmar Þór arkitekt á Myllustöðum teiknaði afar fallegan lund fyrir þetta verkefni sem fellur mjög vel að umhverfi öllu, Reykhólahreppur veitti leyfi fyrir þessu mannvirki, Helgi í Grænagarði var ráðinn til að sjá um framkvæmdahliðina og Heimir í Skólahúsi mun hafa yfirumsjón með verkinu. Búið er að skipta um jarðveg undir lundinum, helluleggja af mikilli snilld og smekkvísi af Bjarna Karls á Myllustöðum og til stendur að hefjast handa fljótlega við að reisa allt trévirki umhverfis lundinn ásamt því að ryðja upp gördum að trévirkinu að því loknu og tyrfa. Vonast er til að lundurinn verður tilbúinn í byrjun sumars þegar hann verður vígður með viðhöfn en mannvirki þetta er reist til minningar um okkar góða félag og vin Guðmund Stefánsson, Myllustöðum.

- **Messa fyrsta laugardag eftir Verslunarmannahelgi á ári hverju í Flatey**

Samkvæmt venju var haldin messa í Flateyjarkirkju fyrsta laugardag eftir Verslunarmannahelgi sem bar upp á sólríkan 12. ágúst. Prestur okkar séra Hildur Björk Hörpudóttir tók á móti kirkjugestum á tröppum kirkjunnar og bauð alla velkomna til messu en með henni í för var kirkjukór Reykhólakirkju ásamt okkar nýja organista Ingimar Ingimarsson. Messan var falleg og hátíðleg og lauk athöfninni með því að flestir kirkjugestir gengu til altaris og meðtóku hina kirkjulega blessun Guðs.

- **Móttaka skemmtiferðaskipa til Flateyjar til fjáröflunar fyrir kirkjuna**

Eins og undanfarin ár stóðu velunnarar kirkjunnar að móttöku skemmtiferðaskipa til Flateyjar þar sem gengið er með þessa fjölmennu hópa um eyjuna og í kirkju með leiðsögn og góðgjörðum í kirkjunni. Tvö skip komu sumarið 2017, annað með um 80 – 90 manns en hitt með stóran hóp skemmtiferðamanna er taldi allt að 180 manns. Góður rómur var gerður að þessari leiðsögn og höfum við frétt að allir hefðu yfirgefið Flatey með bros á vör eftir skemmtilega dagstund. Þessi verk er liður í fjáröflun til Flateyjarkirkju á vegum Fjáröflunarnefndar Flateyjarkirkju. Öllum sem komu að þessu góða og skemmtilega verki eru færðar hugheilar þakkir.

- **Fjárhagsleg staða Flateyjarkirkju og menningarlegt hlutverk hennar**

Fjárhagsleg staða kirkjunnar er góð og miðað við þau átta sóknarbörn sem skráð eru í kirkjusókninni þá er hún frábær. Þessu ber að þakka því mikla starfi sem sjálfboðaliðar og velunnarar kirkjunnar hafa ætíð lagt til kirkjunnar. Dósasöfnun gengur vel, sala á fjáröflunarvörum skilar talsverðu, tekjur af komum skemmtiferðaskipa eru umtalsverðar og ekki síst allar þær minningargjafir sem kirkjunni eru færðar. Fyrir allt þetta viljum við í sóknarnefnd og kirkjustjórn Flateyjarkirkju þakka af hlýhug.

Að lokum er rétt að vekja máls á menningarhlutverki Flateyjarkirkju enda fjölmargir tónleikar þar haldnir, kórar komið og sungið og tónlistafólk troðið upp í þessari fallegu kirkju. Þetta viljum við treysta og auka og höfum hug á því að fjárfesta í hljómfögru hljóðfæri fyrir það fé sem safnast hefur í Orgelsjóð Sigríðar Ólafsdóttir úr Svefneyjum en aðstandendur henna gáfu til kirkjunnar rausnarlega í þessum tilgangi fyrir nokkrum árum. Nú skorum við á allt tónlistarfólk í röðum Flateyinga að koma með hugmyndir og tillögur ykkar um viðeigandi hljóðfæri sem hentar okkar fallegu Flateyjarkirkju í þessum menningarlega tilgangi.

8. Önnur mál

Framtíð búsetu í Flatey

All miklar umræður hafa verið meðal Flateyinga að undanförunu um framtíð búsetu í Flatey og til hvaða ráða þarf að taka til að bregðast við því þegar og ef heilsársbúseta í Flatey leggst niður. Flateyjarveitur hafa meðal annars beint þeim tilmælum til FFF að þetta málefni verði tekið til umræða á aðalfundi FFF. GS reifaði þetta mál og innleiddi og benti á að þar sem þetta væri verulega stórt og mikilvægt mál fyrir Flateyingar og húseigendur í Flatey þá legði hún til f.h. Framfarafélags Flateyjar og skipuð yrði nefnd er bæri nafnið „*Framtíðarnefndin*“ til að fjalla um þetta mál í víðasta skilningi þess orðs. Lýst er eftir fólki í þessa nefnd eða tilnefningar í hana. Þessi tillaga var samþykkt samhljóða og var henni vísað til stjórnar til frekari útfærslu.

Skípan nefndar til að huga að sögu Flateyjar og forminjum

Í framhaldi af skípan „*Framtíðarnefndar*“ kom fram tillaga frá APS að skipa aðra nefnd eða vinnuhóp til að huga að sögu Flateyjar og fornminjum í Flatey. Nefnd þessi fái nafnið „*Fortíðarnefnd*“ og leitað er eftir fólki í þessa nefnd sem og tilnefningum í hana. Þessi tillaga var samþykkt samhljóða og var henni vísað til stjórnar til frekari útfærslu.

Heimasíða FFF

GS skýrði frá því að fyrir tæplega ári eftir all miklar umræður um heimasíðu FFF á síðasta aðalfundi félagsins hefði GSv sett sig í samband við stjórn FFF um að leggja félaginu lið varðandi vinnu við heimsíðuna. Stjórnin ræddi framtíð síðunnar og hvað væri til ráða að halda henni úti, hvernig hún væri notuð og hve margir færu yfirleitt inn að heimasíðu Framfarafélagsins. Samþykkt var að taka boði GSv um aðkomu að heimasíðunni á nýjan leik en hann kom að henni þegar hún var sett upp fyrir fjölmörgum árum.

GSv benti á að margt hefði breyst á þessu tæplega ári síðan þessar hugmyndir voru lagðar fyrir stjórn FFF og því miður ýmislegt til hins verra. Velti GSv fyrir sér hver væri staða heimasíðunnar í dag í ljósi samskiptarmiðla eins og FACEBOOK, Twitter, Skype og annara miðla sem nyttu vinsældu í dag. Í reynd væri heimasíður n.k. geymslustaður félaga og fyrirtækja en ekki notaðar sem samskiptasíður. Mikið af efni hefði verið sett inn á heimasíðu FFF strax í upphafi og í nokkur ár eftir uppsetningu hennar á sínum tíma. Þar er því töluverður fróðleikur og upplýsingar sem nauðsynlegt og skemmtilegt væri að halda upp á. Áður en lengra yrði haldið í þetta sinn er nauðsynlegt að kanna hug Flateyinga og allra er tengjast Flatey á einn eða annan hátt til heimasíðu FFF. Varpaði GSv fram þeirri hugmynd sinni að hugsanlega væri rétt að fara í könnun eða setja fram spurningalista til Flateyinga þar sem varpað væri fram spurningum eins og þessum;

- Á heimasíða FFF rétt á sér í núverandi mynd og hvaða upplýsingar væri rétt að hafa inn á síðunni eða setja inn á hana?
- Hvaða upplýsingar finnst þér vanta inn á heimasíðu FFF?
- Notar viðkomandi heimasíðuna á einhvern hátt eða gæti hugsað sér að nota hana ef stöðugt streymi nýrra upplýsinga bættust inn á hana?
- Lumar viðkomandi á upplýsingum sem hugsanlega ætti erindi inn á heimasíðu FFF (upplýsingar, skýrslur, erindi, greinaskrif, annan fróðleik eða myndir)?
- Hefur viðkomandi áhuga að koma til aðstoðar stjórn FFF við að halda úti heimasíðu?

Einnig væri rétt að velta fyrir sér spurningum eins og hver á að setja efni inn á heimasíðuna reglulega eða getur gert það, er heimasíða FFF rétti staðurinn til að geyma gögn og hvaða gögn og upplýsingar eiga að fara þar inn, hver á upplýsingarnar sem eru á heimasíðunni og munu hin nýju persónuverndarlög breyta einhverju varðandi að halda úti heimasíðu.

Í kjölfar þessara upplýsinga og skoðanaskipta varð talsverð umræða um heimasíðu FFF. Svo virtist að fundarmenn væru fylgjandi því að halda úti heimasíðu og hún yrði nokkurs konar gagnageymsla fyrir fróðleik, upplýsingar og tilkynningar um Flatey og málefni Flateyjar frá félögum Flateyinga. Rétt væri að auka hlutdeild myndabanka á síðunni en gefa jafnframt meiri og ýtarlegri upplýsingar um

þessar myndir. Einnig mætti skoða ýmsar gagnlegar upplýsingar eins og símaskrá Flateyjar, upplýsingar fyrir húseigendur í Flatey varðandi húsin, gagnlegar upplýsingar um lög og skyldur húseigenda og réttindi þeirra, bæta við „hlekkjum“ inn á aðrar upplýsandi og fróðlegar heimasíður er tengjast Flatey á einn og annan hátt og vista á heimasíðu FFF hinar ýmsu skýrslur er varða Flatey og hafa verið gefnar út. Bent var á að hugsanlega mundi innlit inn á heimasíðu FFF aukast all verulega þegar fjarmyndavél yrði sett upp í Flatey og bætt yrði tengingum inn á heimasíðuna við veðurstöð Flateyjar, vatnstankinn á Tröllenda og kerfisráð í dæluhöll.

Samþykkt var að halda þessari umræðu áfram og skipa vinnuhóp og myndi GSv vinna að tilurð hans í samvinnu við stjórn FFF og yrði Daði gjaldkeri félagsins sérstakur tengiliður þar um.

Útgáfa á bók Ævars Petersen um örnefni í Flatey

GS greindi frá fundi sem stjórn FFF og sveitarstjóri Reykhólahrepps hefðu átt með Ævari Petersen eftir kynningarfundinn um Verndaráætlun í byggð 31. janúar s.l. Þar kynnti ÆP fyrir fundarmönnum hina fyrirhuguðu bók um örnefni í Flatey. Voru menn sammála um að hér væri um mjög merkilegt framtak og starf varðandi söfnun örnefnda í Flatey og rétt væri að styðja útkomu þessarar bókar með aðkomu FFF og Reykhólahrepps að málinu. Var rætt um möguleika á fyrirframkaupum á bókinni og velt upp möguleikum til að styðja við þetta framtak.

Góð umræða varð um þetta framtak á aðalfundinum og voru fundarmenn sammála um að styrkja og aðstoða ÆP við útgáfu þessarar merku bókar. Ýmsar hugmyndir komu fram varðandi aðstoð og styrk en þar var nefnt m.a; *að tryggja fyrirfram kaup á ákveðnum fjölda bóka, beinn útgáfustyrkur, aðkoma annara félaga Flateyinga að þessu máli t.d. Flateyjarveitur, Flateyjarkirkja og fjáröflunarnefnd Flateyjarkirkju.* Samþykkt var eftirfarandi tillaga;

1. Útgáfustyrkur frá FFF að upphæð allt að kr. 500 þús.
2. Kaup á ákveðnum fjölda bóka fyrirfram.
3. Áskorun til allra húseigenda í Flatey að kaupa ákveðin fjölda fyrirfram til að hafa í húsum sínum í Flatey.
4. Áskorun til allra Flateyinga og velunnara Flateyjar að kaupa eintak til eigin nota.

Að þessum orðum sögðum var dagskrá fundar tæmd og þakkaði fundarstjóri fundarmönnum fyrir góðan fund og upplýsandi. Minnti á að Vetrarhátíð FFF sem hæfist stundvíslega kl. 19:00 um kvöldið.